

**Fimmti fundur svæðisnefndar GSA-samtakanna á Íslandi 23. nóvember 2015, kl. 17:30.**

Atkvæðarétt á fundinum höfðu deildarfulltrúar eða varamenn þeirra ef deildarfulltrúi mætti ekki (eitt atkvæði á hverja deild). Deildaratkvæði voru 7. Aðrir mættir: Fjórir GSA félagar.

**1. Fundargerð frá síðasta fundi lesin yfir.**

Styttri fundargerð síðasta fundar lesin af ritara til samþykktar. Samþykkt með 7 atkvæðum af 7.

**2. Afmælisfundur og Round Up, hlutverk svæðisnefndar.**

Afmælisnefnd var stofnuð sem mun sjá um að útvega fyrirlesara, sjá um auglýsingar og fleira og heldur utan um verkefni vegna afmælisfundarins. GSA félagar verða hvattir á fundum til að taka þátt og skrá sig í afmælisnefnd. Grásleppur sjá um Round Up sem er sömu helgi og afmælisfundur.

**3. Oddamaður fer yfir stöðu nefnda hjá deildartengilið hveurrar nefndar; Vefnefnd, Útgáfunefnd og SOS nefnd.**

**Vefnefnd:** Deildarfulltrúartengill hefur sett inn á vef GSA það sem berst frá svæðisnefnd.

**Útgáfunefnd:** Deildarfulltrúartengill kynnti tilboð frá löggiltum þýðanda vegna þýðingar á Gráu síðunni. Góðar umræður fóru fram um tilgang þýðingarinnar, mælieiningar, staðfærslu síðunnar ofl.

**SOS nefnd:** Deildarfulltrúartengill sagði frá að í undirbúningi er bréf til sendingar á heilbrigðisstofnanir og næsti fundur verður í janúar 2016.

**4. Önnur mál.**

1. Fundargerð frá fundi svæðisnefndar 16. maí sl. lesin yfir af ritara og samþykkt með 7 atkvæðum af 7.
2. Fyrirspurn vegna skráningar alþjóðafulltrúa hjá Heimsráði. Gjaldkeri svaraði því.

**5. Dagsetning, tími og staður fyrir næsta fund ákveðinn.**

Mánudaginn 11. janúar kl: 17:30-18:30. Dalbrekku 4, Hvíta húsið.

Fundi slitið kl: 18:50.